

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 151/2022

frá 29. apríl 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 ⁽²⁾.
- 3) Ber því að breyta IX. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31mb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/990) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31o. **32019 R 2088**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1), breytt með:

– **32020 R 0852**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 (Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er EFTA-ríkin varðar, skulu undanþágurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 4. gr. gilda frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 151/2022 frá 29. apríl 2022 eða frá þeirri

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13.

dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en 12 mánuðum eftir það.

b) Í 20. gr. að því er varðar EFTA-ríkin:

i) í 2. mgr. orðast „10. mars 2021“ sem „gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2022 frá 29. apríl 2022 eða frá og með þeirri dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en 12 mánuðum eftir það“,

ii) í 3. mgr. orðast „1. janúar 2022“ sem „gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2022 frá 29. apríl 2022 eða frá og með þeirri dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en 12 mánuðum eftir það“.

31p. **32020 R 0852:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í d-lið 1. mgr. 13. gr. koma orðin „EES-samningnum“ í stað „löggjöf Sambandsins“.

b) Í a-lið 2. mgr. 27. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „1. janúar 2022“ sem „gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2022 frá 29. apríl 2022 eða frá þeirri dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en 12 mánuðum eftir það“.

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við bókun 37 við EES-samninginn:

„46. Sérfræðingahópur aðildarríkjanna um sjálfbær fjármál (reglugerð (ESB) 2020/852).“

3. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2019/2088 og (ESB) 2020/852, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.